

Stjórn Almannaheilla

Stjórnarfundur haldinn fimmtudaginn 15. febrúar kl. 12:00 í húsnæði Almannaheilla,
Urriðaholtsstræti 14, 210 Garðabæ.

Mætt: Anna Margrét Hrólfsdóttir, Hildur Helga Gísladóttir, Ingveldur Jónsdóttir, Tryggvi Axelsson, Tómas Torfason,
Forföll: Guðrún Helga Harðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Ásdís Eva Hannesdóttir, Berglind Gunnarsdóttir Strandberg, Ragnar Schram, Ragnhildur Freysteinsdóttir, Sigríður Sólan, Una Sveinsdóttir og Viðar Eggertsson

Fundargerð

1. Fundur settur

Fundur settur kl. 12:15

2. Fundargerð síðasta fundar

Frestað til næsta fundar.

3. Skráð almannaheillafélög vs aðildarfélög Almannaheilla.

Ingveldur bar saman skráð almannaheillafélög við félagaskrá Almannaheilla. Þann 14. febrúar 2024 voru almannaheillafélög skráð hjá Skattinum 420 talsins (að frádregnum björgunarsveitum, trúfélögum, íþróttafélögum og félögum sem starfa sem “deildir” innan annarra félaga), þar af eru 30 aðilar að Almannaheillum. Aðildarfélög sem eru ekki á almannaheillaskrá Skattsins eru 18.

Félög skráð sem FTA hjá fyrirtækjaskrá voru 59, þar af eru 11 aðildarfélög Almannaheilla.

4. Aðalfundur 2024

Kjörnefnd

Þær Þóra Þórarinsdóttir hjá ÁS styrkafélagi og Guðrún Helga Bjarnadóttir hjá Barnaheill voru ekki tilbúnar að taka aftur að sér kjörnefndarstörf. Mikilvægt að kanna hvaða stjórnarfolk hyggjst gefa kost á sér áfram og lyfta þannig undir verkefni kjörnefndar. Reyna að lenda kjörnefnd á næsta fundi.

Dagsetning aðalfundar + staðsetning

Ákveðið að boða til aðalfundar þriðjudaginn 7. maí. Tómas bauð húsnæði KFUM og KFUK fyrir fundinn. Hefð fyrir því að halda fundinn seinni parinn, en nánari tímasetning verður ákveðin á næsta fundi.

Annað

Á næsta fundi þarf einnig að ákveða tillögu stjórnar að fundarstjóra og fundarritara.

5. Af verkefnalistanum + dagskrá stjórnar á vormisseri

https://docs.google.com/document/d/1-1CVdcHq9coQVIEG2xSct8Y2_6Pcy87h9A_wZi5GVTI/edit

Fundur fólksins

Rætt var um Fund fólksins, en það fer að verða aðkallandi að taka ákvarðanir þar um. Samþykkt að Tómas myndi ræða við Sabine hjá Norrænahúsinu og jafnframt að ræða við Skátana um aðkomu að viðburðarstjórnun. Verið er að horfa á dagana 13.-14. september.

Húsnæðismálin

Marka þarf stefnu um nýtingu á húsnæðinu í Urriðaholti fyrir húsnæðislaus almannaheillafélög. Jafnframt að gera samkomulag um framlag Einurðar til húsnæðisins á móti því að þau nýti það.

Ingveldur, Anna Margrét og Jón eru með þann bolta.

Tómas mun svo í kjölfarið koma að samkomulaginu um framlag Einurðar.

6. Önnur mál

Kynning á Almannaheill fyrir LUF

Tómas mun heimsækja ársþing Landssambands Ungmennafélaga (LUF) næsta sunnudag og kynna fyrir þeim starfsemi Almannaheilla.

Umræða um afmörkun Almannaheilla

Nokkur umræða átti sér stað hvort það sé hlutverk Almannaheilla að sinna eingöngu hagsmunum Almannaheillafélaga sem skilgreind eru samkvæmt lögum nr. 110/2021 um félög til Almannaheilla, eða hvort hlutverk Almannaheilla næði til breiðari hóps eða alls þriðja geirans.

Niðurstaða umræðunnar var að æskilegt væri að skoða, hvort þörf sé á því að skerpa á hlutverki Almannaheilla, en slíkt þyrfti umræðu og sinn meðgöngutíma.

7. Fundi slitið

Næsti fundur verður fimmtudaginn 14. mars kl. 12:00

Fundi slitið kl. 13:45